

Drög að reglum eða leiðbeiningum fyrir félagamenn úr Stómasamtökunum, sem samþykkja að taka þátt í heimsóknþjónustu þeirra.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að eftir frágang þessara reglna verði 8-12 manns valið í hóp, þeim kynntar reglurnar á sérstökum umræðufundi og síðan verði sjúkrahúsunum í Reykjavík afhentar skrár fyrir þetta fólk. Þar verði tilgreind tegund aðgerðar, sem viðkomandi gekkst undir, hvenær það var, nafn og fæðingarár. Miðað skal við að öllum sem gangast undir stómaaðgerðir verði gefinn kostur á heimsóknum á sjúkrahús og jafnvel í heimahús, einkum fyrst eftir heimkomu. Það síðastnefnda kæmi ef til vill einnig til greina fyrir fólk, sem gengist hefur undir aðgerð erlendis. Stefnt skal að því að heimsóknþjónustan hefjist formlega vorið 1981. Eftir eitt ár skal hópurinn kallaður saman til fundar við stjórn Stómasamtakanna og fulltrúa af sjúkrahúsunum. Þetta má líta á sem reynslutíma og þá mætti endurskoða reglurnar, ef þörf er talin á því.

Til athugunar fyrir samstarfsnefnd.

1. Heimsakið sjúkling aðeins eftir beiðni og með fullu samþykki hans og læknisins.
2. Fáðið upplýsingar um sjúklinginn fyrir heimsóknina, t.d. aldur, kyn, starf og nafn svo og ástand hans. Hafið samband og samráð við hjúkrunarfólk áður en farið er inn á stofu til sjúklingsins. Þið skuluð ganga vel úr skugga um, að þið séuð að heimsækja réttan sjúkling.
3. Reynið að fá að tala við sjúklinginn utan venjulegs heimsóknartíma. Verið reiðubúin að tala við aðstandendur sé þess óskað. Takið tillit til ástands sjúklings þegar lengd heimsóknartíma er ákveðin, t.d. 15 mínútur fyrir fólk sem á eftir að gangast undir aðgerð og getur verið mjög veikt, en ef til vill 20-30 mínútur þegar sjúklingurinn er farinn að hressast.
4. Verið snyrtilega til fara og reynið að koma fram á sem eðlilegastan hátt. Sýnið sjúklingnum og vandamálum hans skilning. Hvetjið hann til að leggja fram spurningar, hlustið vel og svarið skýrt og skilmerkilega. Látið ekki á því bera þótt ykkur finnst ástand sjúklingsins slæmt.
5. Takið tillit til breytilegra þarfa og aðstæðna stómasjúklinga - engir tveir eru alveg eins. Gefið sjúklingnum fyrst og fremst andlegan (moral) stuðning með því t.d. að segja honum að þið hafið verið í hans sporum en séuð nú heilbrigð og lifið eðlilegu lífi.
6. Segið sjúklingnum, að með þolinmæði megi yfirvinna vandamál, sem upp kunna að koma, einkum fyrst eftir aðgerð. Segið honum frá Hjálpartækja- og leiðbeiningadeildinni í Nóatúni 21 og starfsemi Stómasamtakanna. Afhendið gagnorða og stutta upplýsingabæklinga ef til eru.
7. Látið lækna og hjúkrunarfólk um að svara hreinum læknisfræðilegum spurningum - það er í verkahring þeirra.
8. Takið skýrt fram og gætið þess, að allt sem ykkur fer á milli sé trúnaðarmál.
9. Sé aftur óskað eftir heimsókn skal áður hafa samband við sjúkrahúsið, boða komuna og fá um leið upplýsingar um ástand sjúklingsins.
10. Hafið samband við hjúkrunarfólk á deildinni eftir hverja heimsókn, og látið Stómasamtökin vita um, hversu marga þið hafið heimsótt, t.d. yfir árið.